

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. apríl 2014
Tilvísun: UST20140200242/ksj

Tillaga að deiliskipulagi virkjunar í Glerárdal. Umsögn

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 27. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir virkjun á Glerárdal.

Tillaga að deiliskipulagi svæða fyrir virkjun á Glerárdal

Í tillögu að deiliskipulagi er á efra skipulagssvæði gert ráð fyrir 1 ha inntakslóni ásamt 5-6 m hárrí stíflu á Glerárdal. Einnig er gert ráð fyrir nýjum veg frá þjónustuvegi vatnsveitu að stíflustæði, 900 m. Efra skipulagssvæði er alls 123,5 ha.

Stærð neðra skipulagssvæðis er 5,7 ha, en mörkin liggja meðfram Hlíðarfjallsvegi, Hlíðarbraut og í Glerá. Áætlaður er 300 m vegur að stöðvarhúsi frá Hlíðarfjallsvegi ásamt lóð og byggingarreit fyrir stöðvarhús. Framkvæmdin sem deiliskipulagið gerir ráð fyrir fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

Svæði á náttúruminjaskrá

Eins og fram kemur í greinargerð eru svæðin þar sem gert er ráð fyrir stöðvarhúsi (Réttarhvammur) og lagnaleið fyrir þrýstipípu að ármótum Glerár og Hlífár inni á svæði nr. 508 á náttúruminjaskrá. Einnig kemur fram að í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er ákvæði um að innan svæðisins er mannvirkjagerð óheimil. Umhverfisstofnun harmar stefnubreytingu Akureyrarbæjar hvað varðar náttúruminjar á svæði á náttúruminjaskrá nr. 508.

Aðrennslispípa

Aðrennslispípa frá stíflu að stöðvarhúsi verður að hámarki 1 m í þvermál og mun liggja um 6 km leið. Umhverfisstofnun bendir á að skurður fyrir aðrennslispípu mun valda miklu raski, og þarf að vanda vel til verksins og forðast allt óþarfa rask. Fram kemur í greinargerð að næst stíflu muni pípustæðið verða í vel grónum bökkum í gilinu en síðan liggja um hallandi mýri að jöfnunarþró við Byrgislæk. Ekkert kemur fram um stærð mýrlendisins. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta mýrar 3 ha að stærð eða stærri

sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.

Umhverfismat

Landslag og sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umfjöllun um landslag og sjónræn áhrif að vanda þurfi frágang þega áætluð pípa kemur niður í Réttarhvamm. Af uppdráttum má lesa að aðrennslispípa verður grafin niður ofan gljúfurs, en svo liggi leiðin síðan niður slakka hjá geymslu- og vinnslusvæði jarðefna. Þar þarf að gæta að gróðurvali þ.e. nýta staðargróður þegar grætt er upp svæði sem raskast við lögnina.

Samantekt og niðurstaða

Umhverfisstofnun er ekki sammála þeirri niðurstöðu sem fram kemur í lok umhverfismats að deiliskipulagið í heild muni hafa í för með sér jákvæð eða óveruleg áhrif á umhverfið. Áhrif á verndarsvæði eru neikvæð því með deiliskipulaginu eru framkvæmdir áætlaðar inni á svæði á náttúruminjasrá, þar sem einnig var hverfisvernd og þar sem áður voru ekki leyfðar framkvæmdir. Ljóst er að áhrif á landslag og sjónræn áhrif koma til með að vera neikvæð þar sem framkvæmdir eru áætlaðar á ósnortnu landi. Að mati Umhverfisstofnunar eru áhrif á útivist og ferðamennsku ekki endilega jákvæð, aðgengi er betra, en um leið missir svæðið mögulega aðdráttarafli vegna framkvæmda og náttúruverndargildi rýrnar. Að mati Umhverfisstofnunar er rangt að segja að núll kostur hafi neikvæð áhrif á útivist og ferðamennsku, ósnortið land hefur meiri náttúruverndar- og útivistargildi en svæði sem framkvæmt hefur verið á, auk þess eru göngustígar á svæðinu nú þegar. Stofnunin bendir einnig á að hægt er að bæta aðgengi án þess að fara í virkjunarframkvæmdir. Einnig telur stofnunin að framkvæmdir muni hafa neikvæð áhrif á lífríki Glerár þar sem rennsli breytist þar sem það minnkar töluvert. Einnig verða neikvæð áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir, bæði við framkvæmdir á stíflu og lagningu affallspípu, en hvor tveggja er inngríp í jarðmyndanir. Í töflunni er sýndur plús sem táknar jákvæð áhrif á fuglalíf. Umhverfisstofnun telur að þótt reynt sé að lágmarka neikvæð áhrif á fuglalíf með því að forðast að hafa framkvæmdir á varptíma sé ekki hægt að telja það jákvæð áhrif á fuglalíf. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekkert fram um fuglalíf og áhrif væntanlegra framkvæmda á fugla, þar af leiðandi telur stofnunin skorta upplýsingar svo hægt sé að meta áhrif framkvæmdanna á fuglalíf.

Að mati Umhverfisstofnunar er niðurstöðutaflan ekki rétt. Í deiliskipulaginu eru áætlaðar framkvæmdir á svæði sem er ósnortið og hefur náttúruverndar- og útivistargildi. Að mati Umhverfisstofnunar er verið að fórna verndarsvæði fyrir virkjun, áhrifin eru talin góð á samfélagið vegna meira raforkuöryggis.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun